

Efnisyfirlit:

Samantekt:	1
Aðdragandi verkefnisins:	2
Markmið:	2
Lýsing á verkefni:	3
Niðurstöður verkefnisins:	3
Kynning á verkefninu og mat:	6
Mat:	6
Fylgiskjöl:	8
Heimildir:	8

Samantekt:

Styrkþegar: Hildur H. Bjarnadóttir, Lísá Sigríður Greipsson og María Haraldsdóttir, kennarar við 1. bekk í Lágafellsskóla.

Heiti verkefnis: *Fjölbreyttar námsleiðir og fjölbreytt námsmat í 1. bekk.*

Fjölbreyttar námsleiðir og fjölbreytt námsmat í 1. bekk var þróunarverkefni í Lágafellsskóla veturinn 2005 – 2006, styrkt af Þróunarsjóði grunnskóla. Aðdragandinn var að kennarar í 1. bekk fundu þörf á að gera breytingar til að mæta betur þroska og þörfum nemenda við þau umskipti að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla. Veturinn áður fór fram forvinna sem fólst í heimsóknunum og skoðunum á ýmsum skólum ásamt öflun annarra gagna. Verkefnið fólst í því að brjóta upp hefðbundinn skóladag, lengja hann, ásamt því að skipta nemendum upp í minni námshópa þvert á árganginn. Vægi verk- og listgreina í skólastarfinu var aukið og útivera nemenda lengd. Einnig var innleitt leikjatengt val á hverjum degi þar sem lögð var áhersla á að nemendur hefðu sjálfir áhrif á eigið nám. Á þann hátt var komið til móts við lýðræði í skólastarfi. Í framhaldi af þessu verkefni mun skólinn halda áfram að þróa þessa vinnu á yngsta stigi skólans.

Lágafellsskóli er grunnskóli í Mosfellsbæ og hóf starfsemi sína haustið 2001. Heimasíða skólans er www.lagafellsskoli.is

Aðdragandi verkefnisins:

Forsaga þessa verkefnis er að kennarar í 1. bekk Lágafellsskóla vildu bæta skólastarfið enn frekar og auka gæði náms. Þeir horfðu til þess að hægt væri að koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra, hafa skólann án aðgreiningar og auka fjölbreytni í námsleiðum og námsmati. Að auki vildu þeir auka lýðræði í skólastarfi og leggja áherslu á að nemendur gætu haft áhrif á eigið nám.

Í framhaldi af því var myndað teymi þar sem ákveðið var að vinna að slíkum breytingum. Kennslufyrirkomulag skyldi brotið upp með breyttri stundarskrá þar sem unnið væri í lotum og nemendur ynnu í litlum námshópum. Lögð yrði áhersla á sérhæfingu kennara í mismunandi námsgreinum. Vægi list- og verkgreina yrði aukið í samræmi við kenningar Howard Gardner um fjölgreindir. Kennsluhættir yrðu færðir nær starfsháttum leikskólans þar sem leikur og val væru í fyrirrúmi. Þemavinna og samþætting á milli námsgreina aukin. Lögð yrði sérstök áhersla á fjölbreytni í námsmati þar sem símat, skráning og nemendamöppur yrðu lagðar til grundvallar.

Markmið:

Eftirtalin markmið voru lögð til grundvallar:

- að allir nemendur fái að njóta sín á eigin forsendum
- að stuðla að aukinni vellíðan nemenda í skólanum
- að koma til móts við sérhvern nemanda
- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að hafa skólann án aðgreiningar
- að auka fjölbreytni í námsmati
- að auka lýðræði í skólastarfi
- að búa nemendur betur undir að vera virkir þátttakendur í fjölbreyttu samfélagi

Lýsing á verkefni:

Til að ná ofangreindum markmiðum var ákveðið að vinna eftir eftirtöldum leiðum:

- að brjóta upp hefðbundið bekkjarfyrirkomulag á þann veg að nemendur fengju tækifæri til að læra í minni námshópum
- að brjóta upp hefðbundna stundatöflu sem fól í sér lengingu skóladags frá því sem áður var
- að nota sem fjölbreyttasta náms- og kennsluhætti þannig að nemendur fengju aukið tækifæri til að styrkjast í námi
- að vinna út frá kenningum Howard Gardner um fjölgreindir þannig að unnt væri að nálgast hvern og einn nemanda út frá eigin forsendum
- að vinna að gerð einstaklingsáætlana í samvinnu við nemendur og foreldra, þannig að hver nemandi fengi viðfangsefni við sitt hæfi og hefði áhrif á eigin námsframvindu
- að nemendur ynnu saman m.a. að börn lærðu af börnum
- að notaðar yrðu í auknum mæli vinnuaðferðir leikskóla og brúa á þann hátt bilið á milli leik – og grunnskóla og auðvelda nemendum þannig skólabyrjun
- að leggja áherslu á skóla án aðgreiningar
- að meta námsframvindu nemenda á fjölbreyttan hátt þar sem lögð væri áhersla á símat og nemendamöppur
- að kennarar sérhæfðu sig í ákveðinni námsgrein og gætu þannig dýpkað þekkingu sína og þjálfast enn frekar í fjölbreyttum kennsluháttum
- að áhersla væri lögð á val nemenda innan ákveðins ramma, þannig að nemendur hefðu áhrif á eigið nám og námsframvindu.

Niðurstöður verkefnisins:

Til að ná ofangreindum markmiðum var heildarskipulag í 1. bekk í Lágafellsskóla stokkað upp þannig að nemendur fengju tækifæri til að læra í minni námshópum. Hefðbundin stundatafla var brotin upp sem m.a. fól í sér

lengingu skóladags frá því sem áður var, auk þess sem kennslustundir voru lengdar upp í 60 mínútur. Nemendur hófu daginn í bekk hjá umsjónakennara en skiptust síðan í minni námshópa, þar sem kenndar voru allrar námsgreinar í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Nemendur enduðu síðan daginn aftur í bekk hjá umsjónakennara (fskj. nr. 1 og 2).

Meginhugsunin var sú að kjarninn væri bekkurinn. Nemendur hófu daginn hjá bekkjakennara, hittust í matar og nestistíma og voru saman í lok hvers dags í sinni heimastofu þannig að þeir fengju meiri öryggiskennd. Þess á milli voru nemendur í minni námshópum blönduðum þvert á árganginn, svokölluðum lotum, þar sem kenndar voru hefðbundnar námsgreinar.

Kennarar sérhæfðu sig í að kenna ákveðna námsgrein, þar sem einn sá um stafainnlögn og íslenskukennslu, annar kennari sá um stærðfræðikennslu, sá þriðji um samfélagsfræði-, náttúrufræði og lífsleiknikennslu og sá fjórði kenndi list- og verkgreinar (listasmiðja). Að auki komu að kennslu 1.

bekkinga: íþróttakennarar, tölvukennari og tónmenntakennari, en tónmennt og hreyfing var kennd utan svokallaðrar listasmiðju.

Þessi sérhæfing kennaranna gerði það að verkum að þeir höfðu meira tækifæri til að skipuleggja fjölbreyttari náms- og kennsluleiðir en þeir höfðu áður getað. Þannig var einnig hægt að fylgjast enn betur með námsframvindu sérhvers nemanda og leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám, þar sem kennarinn gat notað undirbúningstíma sinn enn betur en í hefðbundinni kennslu allra námsgreina.

Með minni námshópum var stefnt að því að skólinn yrði sjálfkrafa án aðgreiningar þar sem hægt væri að sinna hverjum nemanda betur en í stærri námshópi. Að auki var lögð meiri áhersla á samþættingu milli námsgreina. Varð raunin sú að samþættingin þvert á námsgreinarnar varð enn meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi.

Með því að hafa list- og verkgreinar í svokölluðum lotum varð tímamagnið meira en gert er ráð fyrir í viðmiðunarstundaskrá. Þannig var vægi þeirra aukið í samræmi við kenningar Howard Gardner um fjölgreindir.

Þó að hver kennari hafi sérhæft sig í sinni námsgrein komu allir umsjónakennararnir að einhverju leyti að kennslu allra námsgreina í svokölluðum kjarna í upphafi og lok dags. Má þar nefna að hver umsjónakennari lét börnin lesa hjá sér, þannig að sá kennari sem kenndi íslensku gæti alfarið lagt áherslu á kennsluna, en þyrfti ekki að sjá um daglegan lestur nemendanna. Einnig fór fram önnur vinna í kjarnanum t.d. upprifjun á stafaskrift, markviss málörvun, stærðfræðiaefingar, upprifjun á

lífsleikniviðfangsefni vikunnar o.s.frv. Þetta gerði það að verkum að hver umsjónakennari fékk ákveðna yfirsýn yfir námsframvindu nemenda sinna.

Til að auka lýðræði í skólastarfi var val innleitt sem ákveðinn þáttur á hverjum degi. Grunnhugmyndir þess var að barnið valdi svæði þar sem því var gefinn kostur á að virkja áhuga sinn og hæfileika og stýra þar með stórum hluta af sínu námi.

Eftirfarandi svæði voru í boði:

- mál- og fínhyreyfingasvæði
- listasvæði
- kubbasvæði
- bókahorn
- útisvæði
- rannsóknarsvæði
- hlutverkasvæði

Á þessum valtíma hafði barnið tækifæri innan vissra marka að endurvelja sig á annað svæði. Þannig lærði barnið að það gat haft áhrif á eigin aðstæður og athafnir. Það gat valið að fara úr aðstæðum sem það vildi ekki vera í, hafi því mislíkað að vera í þeim kringumstæðum sem það upphaflega valdi. Valið var í formi leiks. Þannig brúuðum við bilið á milli leik- og grunnskóla þar sem leikurinn var í fyrirrúmi til að mæta þroskastigi barna á þessum aldri.

Lögð var áhersla á að nemendur fengju alltaf að velja sig inn á sama svæði ef þeir vildu, þannig gátu kennarar séð hvar áhugasvið þeirra lá. Auk þess sem nemendur völdu innan svæðis ákveðin verkefni til að glíma við. Varð raunin sú að nemendur festu sig ekki inni á sama svæði allan veturinn heldur prófuðu hin ýmsu svæði.

Námsmat fór fram í formi þess að skoða þróun á vinnu nemenda jafnt og þétt allt skólaárið (portfolio) og sú vinna metin út frá hverjum einstaklingi. Ekki var vinna þeirra sett í sérstakar möppur, heldur var verkefnum þeirra haldið til haga og þróun þeirra og námsframvinda þeirra skoðuð í heild. Auk þess fór fram símat m.a. í formi skoðunar á því hvernig nemandinn vann í tíma sem og skráningar í spjaldrá. Fór skráningin fram á þann hátt að kennari fylgdist með ákveðnum einstaklingum í ákveðinn tíma. Auk þess skráðu kennarar niður ef þeim þótti eitthvað athugasvert eða ábótavant við námsframvindu nemenda og gátu þá fylgst sérstaklega með. Einnig vann

kennarahópurinn markvisst saman að námsmati fyrir hvert foreldraviðtal þar sem ákveðnir þættir voru sérstaklega metnir sameiginlega.

Kynning á verkefninu og mat:

Í upphafi skólaársins fór fram kynning á verkefninu fyrir fræðslufirvöldum í Mosfellsbæ, öðrum kennurum Lágafellsskóla, öðrum kennurum grunnskóla og leikskóla í Mosfellsbæ og kynning fyrir aðstandendum nemenda sem voru að hefja nám í 1. bekk, en nefna má að u.þ.b. 98% foreldra og forráðamanna mættu á kynningafundinn.

Auk þess hafa fræðslufirvöld Mosfellsbæjar fylgst af miklum áhuga með verkefninu og eru meðfylgjandi gögn því til stuðnings (fskj. nr. 3).

Ekki gafst tóm til að vinna að gerð einstaklingsáætlana líkt og við höfðum upphaflega gert ráð fyrir. Við teljum, eftir á að hyggja, að ekki hafi verið nauðsynlegt að gera einstaklingsáætlun fyrir hvern og einn vegna fjölbreyttra kennsluhátta. En við teljum að þeir geri það að verkum að við mætum hverjum nemanda á eigin forsendum. Það sem styður þessa tilgátu okkar er að nú í vetur höfum við mun færri einstaklinga sem fá handleiðslu sérkennara til að ná tókum á lestri heldur en þau síðastliðin fjögur ár í kennslu okkar í 1. bekk miðað við svipaðan fjölda nemenda í árganginum. Samt sem áður er gerð áætlun fyrir þá sem sérstaklega þurfa þess með. Þó komum við til með að skoða þennan þátt frekar.

Í heildina má því segja að markmiðum verkefnisins hafi verið náð. Við sjáum að marga hluti viljum við þróa enn frekar og gera betur. Má þar nefna frekari vinnu við námsmat sem og skóla án aðgreiningar.

Mat:

Mat á verkefninu hefur verið í formi:

- vikulegra samráðsfunda
- stórum fundi með skólafulltrúa Mosfellsbæjar í desember (fskj nr.)
- nokkurra funda með skólastjórnendum þar sem gerð var úttekt á stöðu verkefnisins.

- spurningalista sem sendir voru foreldrum ásamt viðtölum við þá (fskj. nr. 4).

Almennt finnst okkur að nemendur okkar hafi verið mjög jákvæðir og öðlast mun meira sjálfstæði og sjálfsöryggi en verið hefur fyrri skólaár. Einnig finnst okkur að börnin upplifi sig sem eina heild í árganginum vegna valsins og blöndunar í lotum.

Nú í lok skólaársins höfum við upplifað að nemendur okkar kveðja veru sína í 1. bekk með miklum söknuði, miklu frekar en oft áður.

Í niðurstöðum úr könnun til foreldra má almennt lesa út úr henni að þeir eru afar ánægðir með flesta þætti skólastarfsins. Þar má sérstaklega nefna þá þætti sem lúta að dagsskipulagi, líðan barnanna, sjálfsöryggi þeirra, lengd skóladags og námsframvindu. (fskj. nr. 4).

Þetta verkefni gæti vel gagnast öðrum skólum að öllu leyti eða að hluta til. Á sama hátt og við öfluðum okkur upplýsinga áður en ráðist var í verkefnið. Við leggjum samt mikla áherslu á að þeir sem skipuleggi verkefnið séu þeir sömu og komi til með að vinna að því.

Við erum sérstaklega ánægðar með verkefnið og hvernig okkur hefur tekist að vinna með það í vetur. Við höfum einnig komið auga á ýmsa þætti sem við viljum þróa áfram og vinna með í framtíðinni eins og áður hefur komið fram. Við teljum okkur vera að uppskera góðan ávöxt af þeim undirbúningi sem við lögðum í verkefnið í upphafi. Góður undirbúningur og góð samvinna er grunnforsenda þess að svo vel tókst til.

Það er von allra sem koma að verkefninu að þessi þróunarvinna verði grunnur að breyttum kennsluháttum og breyttu námsmati í sem flestum árgöngum Lágafellsskóla og gefi þeim sem þar starfa nýja sýn og breyttar áherslur á nám barna til framtíðar.

Nú þegar er hafin vinna í verðandi 2. bekk þar sem tekið er mið af þessum starfsháttum.

Þar sem stefna og einkunnarorð skólans eru samvera, samvinna og samkennd vonuðumst við til að á þennan hátt myndum við stuðla að mikilli samvinnu og meiri starfsánægju sem ætti aftur að leiða til aukins árangurs fyrir alla í skólaumhverfinu, ekki síst fyrir nemendurna.

Fylgiskjöl:

- Nr. 1. Lotuskipting,
- Nr. 2. Stundatafla / Dagsskipulag
- Nr. 3. Skýrsla skólafulltrúa Mosfellsbæjar
- Nr. 4. Niðurstöður spurningalista

Heimildir:

Aðalnámskrá grunnskóla.

Skólanámskrá Lágafellsskóla.

Viðtal við Erlu Kristjánsdóttur, lektor í KHÍ vor 2005.

Tilvitnun í list friðarins: *Vegur friðarins er óendanlega víðfeðmur og endurspeglar því stærð leyndra og ljósra heima. Baráttumaðurinn er lifandi musteri guðdómsins, hann þjónar tilganginum æðsta.*

Mosfellsbær, 13. júní 2006

Hildur H. Bjarnadóttir

Lísa S. Greipsson

María Haraldsdóttir

Fylgiskjal 1.

Áætlun 6 - lotur

	mánudagur					þriðjudagur					miðvikudagur					fimmtudagur					föstudagur				
fyrri lota	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tónmennt	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tónmennt	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tónmennt	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tónmennt	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tónmennt
	val					val					val					val					val				
seinni lota	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tölvur og bókas.	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tölvur og bókas.	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tölvur og bókas.	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tölvur og bókas.	íslenska	samfélagsgr.	stærðfræði	listasmiðja	tölvur og bókas.

gulur		rauður		grænn		blár		appelsínugulur	
15 nemendur		15 nemendur		15 nemendur		15 nemendur		14 nemendur	

Fylgiskjal 4.

Spurningalisti úrvinnslublað

1. Er barnið þitt

drengur

1111111111

1111111111

11111111 =28

stúlka

1111111111

1111111111

11111111 =29

2. Er þetta þitt fyrsta barn í grunnskóla?

já

1111111111

1111111111

11111111 =28

nei

1111111111

1111111111

11111111 =30

Ef merkt er við já er svarað næst spurningu 4. Ef merkt er við nei er næsta spurning númer 3.

3. Hvernig finnst þér heildarskipulag í 1.bekk í samanbórið við það sem þú áður þekktir?

gott

1111111111

1111111111

111 =23

frekar gott

1111111111

11 =12

frekar slæmt

slæmt

Nefndu 1 – 3 kosti við skipulagið:

Börnin kynnast betur öðrum börnum úr árganginum

Þau kynnast fleiri krökkum

Skemmtilegt

Mikil fjölbreytni

Samskipti við fleiri börn, ekki bara bekkinn. Fleiri kennarar sem kenna barninu. Kennt í smærri hópum - getuskipting

Hvernig skólastarfið var brotið upp. Minnkað bilið milli skóla og leikskóla.

Heimanámið lítið þar sem það er unnið í skólanum.

Ávaxtabiti. Þetta er frábært fyrirkomulag

Mjög fjölbreytt eykur sjálfstæði.

Gott að bekkjunum sé blandað saman.

Unnið í minni hópum – betri kennsla.

Meiri útivera

Meiri hreyfing innan skólans, þ.e. meira uppbrot á tímanum í skólanum

Barnið óþreytt í lok skóladags

Fjölbreytni

Vinna í smærri hópum
Meiri útivera – ekki eins þreytt
Þau hitta og kynnast krökkunum í hinum bekkjunum.
Valtímarnir.
Barnið mitt fær að læra á sínum hraða.
Barnið mitt vinnur í hóp og nýtur sín vel sem einstaklingur.
Barnið mitt fær að nýta hæfileika sína vel í skapandi hópum við ýmis þroskandi verkefni blanda af leik og starfi.
Gott skipulag.
Börnin virðast fljótari að ná námsefninu.
Þekkja önnur börn í öðrum en sínum bekk.
Meiri útivera.
Valið.
Samvinna og samvera með börnum í öðrum bekkjum.
Áherslan á hópvinnu – færri nemendur á kennara í lotu.
Að kennari sérhæfi sig í ákveðnu fagi.
Hittir fleiri börn í árganginum.
Þægileg tenging við leikskóla (ekki of stórt stökk).
Fjölbreytni mikil.
Litlar einingar.
Blöndun við hina bekkina.
Sérhæfing kennara.
Aukinn leikur.
Aukin útivist.
Aukin blöndun barnanna.
Börnin kynnast fleirum úr 1. bekk.
Börnin kynnast öll innbyrðis.
Börnin kynnast öllum kennurunum í 1. bekk.
Börnin fá að velja sér viðfangsefni að hluta.
Gott að kennarar sinni hver sínum fögum frekar en að einn kenni allt.
Börnin kynnast hinum bekkjunum.
Fjölbreytni.
Það er mikið betur tekið á móti 1. bekk en áður.
Námið er unnið meira í skólanum.
Það er allt jákvæðara en ég á að kynnast.
Börnin fá betri aðlögun að grunnskólanum “sjokkið” verður minna.
Þessi háttur er leikskólamiðaður með þessu er verið að brúa bilið á betri hátt.
Barnið er ekki eins þreytt.
Lærir námsefnið betur.
Lærir betur að njóta stundanna betur.
Mikil útivera, kjarninn þ.e. byrja og enda í heimastofu.
Fjölbreytni – þ.e. kynnast mörgum nemendum (úr öðrum bekkjum) og fleiri kennurum.
Valið brýtur upp daginn.
Nemendur kynnast mörgum kennurum og nemendum í 1. bekk.
Lítill föst seta í stofu þ.e. kyrr á sama stað.
Valtímar, frábær nýjung til að brjóta upp.
Meiri áhersla á listgreinar☺.
Mikil útivera.
Góð tenging úr leikskóla yfir í grunnskóla.
Krakkarnir sitja ekki of lengi í einu - hreyfanleiki
Gott að hafa ritfangasjóð.
Gott að bjóða börnunum ávaxtabita í nestistíma.
Það er gott að hafa þau til 14:00.
Gott að hafa útiveru með því.
Blöndun á bekkjum mismunandi.
Kennarar unnið í minni hópum.

Nefndu 1 – 3 galla við skipulagið:

Erfitt að fylgjast með hvað er verið að gera e.t.v. minni yfirsýn umsjónakennara á “ sínum “ börnum?

Dagurinn of langur

Fá ekki að gera nærri því jafn mikið í smíði, textíl, myndmennt, heimilisfræði og fyrrverandi 1. bekkingar hafa fengið. Fara á mis við mikið þar. Þyrfti að gefa þeim meiri tíma í þessar greinar. Þetta finnst þeim svo gaman.

Erfitt fyrir foreldra að vita í hverju barnið var í skólanum, þ.e. hvaða fagi þar sem ekki er hægt að lesa það úr stundatöflunni.

Of langur skóladagur.

Sakna pennaveskisins.

Almennt finnst okkur við vita lítið um skólastarfið, það er hvað er verið að fara í.

Upplýsingaflæði ekki nógu gott.

Hefðum viljað meiri heimavinnu en lesturinn til að hafa mun betri yfirsýn yfir hvað hann er að gera.

Mætti upplýsa foreldra betur um hvaða valkosti barnið velur yfir veturinn.

Vantar ennþá meira nám í gegnum leik.

Vantar ennþá meira uppgötvunarnám.

Vantar meiri rannsóknir.

(Í byrjun árs). Fannst fyrst til að byrja með of mikið rót á börnunum.

Gat ekki fundið neina galla, barn mitt hefur plummað sig vel í þessu kerfi. Ég hafði áhyggjur í fyrstu þá sérstaklega vegna mannbreytinga, nemar og veikindi, en allt gekk þetta vel.

Ég sé enga galla.

Kannski lengur að mynda vinartengsl, að því þau eru svo mörg saman. Þetta er það eina sem ég tek eftir miðað við hin börnin mín.

Fjölmennir bekkir?

Of fáir íþróttatímar á viku, ættu að vera 2.

Skólinn ætti að byrja kl. 8:10 eins og hjá öðrum.

Of mikið rót á skipulagi hópa í byrjun vetrar og í stofu.

Kennaranemar komu inn og rúttuðu allri festu hjá óöruggum nýjum nemendum í nýju umhverfi.

Staðfastari stundatafla þ.e. stærðfræði alltaf á mánudögum sem dæmi.

Engir gallar.

4. Hvernig finnst þér að barninu þínu líði í skólanum (hér er ekki átt við skólaset)?

mjög vel

1111111111

1111111111

1111111111

111111 =36

vel

1111111111

1111111111

1 =21

sæmilega

11 =2

illa

5. Finnst þér að barnið þitt sé sjálföruggt í skólanum (hér er ekki átt við skólaset)?

mjög öruggt

1111111111

1111111111 =20

nokkuð öruggt

1111111111
1111111111
1111111111
111111 =36
 nokkuð óöruggt
111 =3
 mjög óöruggt

6. Hvað finnst þér um dagsskipulag skólans í 1. bekk (hér er ekki átt við skólasetl)?

gott
1111111111
1111111111
1111111111
111111 =36
 frekar gott
1111111111
1111111111
1 =21
 frekar slæmt
1 =1
 slæmt

7. Hvað finnst þér um lengd skóladags (hér er ekki átt við skólasetl)?

of löng
1111 =4
 hæfileg
1111111111
1111111111
1111111111
1111111111
1111111111
1111 =54
 of stutt
1 =1

8. Hvernig finnst þér námsframvinna barns þíns hafa verið?

góð
1111111111
1111111111
1111111111
111 =33
 frekar góð
1111111111
1111111111
111 =23
 frekar slæm
1 =1
 slæm

9. Hvað finnst barninu þínu skemmtilegast að gera í skólanum (veljið einn möguleika)?

Samfélagsfræði
11 =2
Stærðfræði
1 =1
Listasmiðja

1111111111
11 =12
Útivera
11 =2
Íslenska
11 =2
Val
11111111 =9
Sund
1111 =4
Tónmennt
111 =3
Íþróttir
1111 =5
Tölvur og bókasafn
1111111111
11 =12

Eitthvað annað sem þú vilt að komi fram í tengslum við þetta efni:

Takk fyrir góðan vetur

Virkað vel að skipta reglulega um hópa. Nýjir eiga auðveldara með að kynnastr hvorum öðrum.

Mjög gott mál að bekkjunum sé skipt í hópa. Þannig að bæði þá eru þau færri í lotunum eins að þá þekkjast nemendurnir allir í 1. bekkjunum.

Frímínúturnar eru einnig með sniðugt fyrirkomulag.

Ég hefði viljað hafa venjulegt nesti með honum, allavega val um það. Annars mjög gott.

Værum mjög hlynnt því að þetta kerfi héldi áfram vegna mikillar fjölbreytni bæði í námi og kennurum.

Við erum mjög ánægð með að samskipti kennara til foreldra skuli vera svona virk á e- maili.

Ég er mjög ánægður með þennan skóla.

Sálfræðingar kennarar og allir starfsmenn gott fólk.

Sérlega gott millistig milli leikskóla og venjulegs skóladags. Virkilega ánægð með þetta skipulag.

Börnin ekki þreytt eftir skóladaginn.

Ég myndi gjarnan vilja sjá þetta fyrirkomulag halda áfram í öðrum bekk.

Mér finnst ég illa upplýst og á erfitt með að svara spurningu 6. Þar sem samskipti við kennara er allt of lítið er erfitt að mynda sér skoðun á skipulagi og hvernig barninu gengur í skólanum, í stærðfræði til dæmis.

Ég hefði haft mikinn áhuga að vita meira um hvað börnin gera á daginn, hvenær búið er að taka myndir og setja á netið ofl.

Lítið vitað um framvinduna nema í lestri.

Finnst að foreldrar eigi að geta skilið við barnið í öruggum höndum í skólanum.

Við gætum vel hugsað okkur að fá meira að vita um námsframvindu barnsins, með þá e.t.v. fleiri foreldraviðtölum og fá að vita meira um hvernig barnið er í skólanum og hvernig því líður almennt.

Við hefðum viljað sjá meira frá kennurum það er yfirlit yfir vinnu vikunnar og vera upplýstari um námsefnið og hvað þau hafa farið yfir og eigi að kunna.

Hann gat ekki valið eitt skemmtilegast (spurning 9) – valdi 4 atriði.

Honum líður mjög vel í skólanum og við erum mjög ánægð með þetta fyrirkomulag í vetur og vildum óska að það héldi áfram upp í 2. bekk!

Nei ekkert nema þakklæti til starfsfólks☺.

Líst mjög vel á þetta þegar maður áttaði sig á skipulaginu sjálfur (sem foreldri)☺.

Takk fyrir góðan vetur.

Allt skemmtilegt – gat ekki valið um eitt (spurning 9).

Það er kannski helst að ég vildi fleiri foreldraviðtöl, eða tölvupóst vikulega – hvað var verið að gera í vikunni o.s.frv. Það er helst að mér finnst vanta að sjá og heyra hvað þau eru að vinna með.

Mér finnst frímínúturnar of langar og kennarar þyrftu að huga betur að ritfangakassa, jafnvel sleppa þeim.

Annars erum við mjög ánægð með allt starfsfólk skólans.

Okkur finnst þetta skipulag frábært og vonum að það haldi áfram.

Fleiri kostir: lengri útivera, frábært.

Kannski ætti að getuskipta í hópa til að koma á mótis við bæði þau börn sem eiga auðvelt með að læra og þau sem eiga erfitt með það, þá er hægt að leyfa þeim börnum að fara hraðar sem það geta og hæggar fyrir þau börn sem þess þurfa= einstaklingsmiðað nám ☺.

Fjöldi svara:

1111111111
1111111111
1111111111
1111111111
1111111111
1111111111 =59